

**Ed.**

**44. Frumvarp til laga**

[44. mál]

um afnám laga nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Lög nr. 28 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Gildandi heimild ríkisstjórnarinnar til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum er einstök. Allar aðrar ábyrgðir af þessu tagi koma til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi. Undantekningarákvæðið varðandi ríkisábyrgð vegna skuttogarakaupum var sett á sínum tíma til þess að auðvelda og örva kaup á skuttogurum, en endurnýjun togaraflotans var þá mjög brýnt verkefni. Nú nær áratug síðar eru aðstæður gerbreyttar. Almennt er viðurkennt að fiskiskipastóllinn megi ekki stækka. Víðtækt skömmunarkerfi í fiskveiðum er til sannindamerkis um að fiskiskipastóllinn sé of stór miðað við afrakstursgetu fiskistofnanna við núverandi aðstæður. Forsendan er því brostin fyrir þeirri undantekningu sem löggin um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuttogarakaupum fela í sér.

Þess vegna er nú rétt að um ábyrgðir af þessu tagi gildi sama regla og um aðrar ríkisábyrgðir og komi þær því til kasta Alþingis. Af þessum sökum er þetta frumvarp flutt, en það var reyndar einnig flutt á seinasta þingi og varð þá ekki útrætt.